

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna nýs deiliskipulags KR svæðisins.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 22. júní 2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um nýtt deiliskipulag KR svæðisins, sbr. 32. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. júní 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa. Spurt er og óskað eftir sundurliðuðum upplýsingum:

Hver er núverandi stærð íþróttasvæðis KR á reitnum í fermetrum? Hver verður stærð íþróttasvæðis KR á reitnum samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu, í fermetrum? Hver verður stærð nýrra bygginga á reitnum fyrir íbúðir og þjónustu (aðra en íþrótt- og æskulýðsstarfsemi) samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu, í fermetrum.

Svar:

Hver er núverandi stærð íþróttasvæðis KR á reitnum í fermetrum? *Heildarstærð lóðar/ KR svæðisins í dag er 54.949m². Óbyggt svæði í dag er 48.494m²*

Hver verður stærð íþróttasvæðis KR á reitnum samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu, í fermetrum? *Heildarstærð lóðar eftir breytingu verður 47.968m². Óbyggt svæði verður 31.551m²*

Hver verður stærð nýrra bygginga á reitnum fyrir íbúðir og þjónustu (aðra en íþrótt- og æskulýðsstarfsemi) samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu, í fermetrum.
- *Heildar fermetra fjöldi fyrir íbúðir og þjónustu verður 18.100m². Íbúðir 10.000m², Þjónusta 5.000m², Bílastæði 3.100m²*

f.h. skipulagsfulltrúa
Björn Ingi Edvardsson